

Ár 2014, miðvikudaginn 30. júlí kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 10:00 á Kaffi Krók á Sauðárkróki

**Mætt til fundar:** Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir síðustu funda
2. Erindi frá Blönduósbæ frá 15. júlí 2014
3. Úrvinnsla umsókna um starf atvinnuráðgjafa með sérhæfingu á sviði ferðaþjónustu
4. Úrvinnsla umsókna um starf framkvæmdastjóra
5. Önnur mál

**Afgreiðslur:**

1. Fundargerðir frá 7. , 15. og 23. júlí 2014 undirritaðar og staðfestar.
2. Lögð fyrir drög að svarbréfi vegna erindis frá Blönduósbæ, dags. 15. júlí 2014. Engar athugasemdir gerðar. Framkvæmdastjóra falið að senda svar stjórnar til bæjarstjóra Blönduósbæjar.
3. Varaformaður stjórnar og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir úrvinnslu umsókna um starf atvinnuráðgjafa með sérhæfingu á sviði ferðaþjónustu. 19 umsóknir bárust en tveir umsækjendur drógu umsókn sína til baka. Stjórn SSNV samþykkir að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Hildi Þóru Magnúsdóttur um starfið.

Stjórn SSNV væntir mjög góðs af samstarfi við félög í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra en undirbúningur að samstarfsverkefni um ráðningu starfsmanns hófst í upphafi árs 2013. Í samræmi við samning sem undirritaður var 10. apríl 2014, eru markmið verkefnisins að:

1. skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra.
2. skjóta sterkari stöðum undir afkomu og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra.
3. greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar i landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra.
4. styðja við vörupróun og markaðs- og kynningarstarf ferðaþjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

Stjórn SSNV býður nýjan starfsmann velkominn og leggur áherslu á að atvinnuráðgjafi með sérhæfingu á sviði ferðaþjónustu, líkt og aðrir starfsmenn SSNV, veiti góða þjónustu um allt starfssvæðið, m.a. með viðveru, kynnisferðum og fundum. Þá starfi atvinnuráðgjafi með

sérhæfingu á sviði ferðaþjónustu náði með fagraði ferðaþjónustunnar í samræmi við fyrirliggjandi samning.  
Framkvæmdastjóri vék af fundi.

4. Umræður um umsóknir um starf framkvæmdastjóra. Þrettán umsóknir bárust um starfið en þrjár drógu umsóknir sínar til baka. Stjórn SSNV samþykkir að hafna öllum þeim umsóknum sem bárust og hefja þess í stað leit að einstaklingi til að gegna starfi framkvæmdastjóra samtakanna.

5. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 12:05.